

## AUGLÝSING

**um breytingu á reglum nr. 1026/2010 um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.**

1. gr.

23. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

23. gr.

*Lán og/eða styrkur til tryggingar húsaleigu.*

Heimilt er að veita þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan lán og/eða styrk til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr., enda eigi viðkomandi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langs tíma glímt við vímuefnavanda og/eða geðræna erfiðleika auk þess að hafa jafnframt átt í margháttuðum húsnæðiserfiðleikum og miklum félagslegum erfiðleikum því fylgjandi er heimilt að veita lán og/eða styrk til tryggingar húsaleigu, að hámarki 600.000 kr.

Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir eða önnur staðfesting um að samningur eigi við rök að styðjast. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum markaði.

Aðstoð á grundvelli þessarar greinar er að hámarki veitt einu sinni á ári.

Skilyrði 2.-5. mgr. 25. gr. reglna þessara skulu vera uppfyllt sé veitt aðstoð samkvæmt þessu ákvæði.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita styrk til tryggingar húsaleigu, ef fyrir liggar að viðkomandi geti ekki staðið í skilum með afborganir af lánum.

2. gr.

25. gr. breytist og orðast svo:

25. gr.

*Um fjárhagsaðstoð sem veitt er í formi láns.*

Þegar fjárhagsaðstoð er veitt í formi láns skal uppfylla öll skilyrði 24. gr. reglna þessara.

Auk þess skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- Fyrir liggi mat á endurgreiðslugetu umsækjanda. Aðeins skal veita lán þegar ljóst er að umsækjandi muni geta staðið í skilum með afborganir af því.
- Umsækjandi veiti skriflegt samþykki fyrir reglulegri skuldfærslu fyrir afborgunum lánsins af reikningi sínum.
- Umsækjandi skal ekki hafa fengið afskrifað lán frá Reykjavíkurborg á síðustu 12 mánuðum.

Hámark láns sem hægt er að samþykkja á þjónustumiðstöð er 300.000 kr. Í þeim tilfellum sem um er að ræða lán til tryggingar húsaleigu samkvæmt 23. gr. reglna þessara getur hámarksfjárhæð láns þó numið 600.000 kr.

Gildistími umsóknar er tveir mánuðir frá samþykkisdegi.

Hámarksþánstími er sex ár.

Eigi er heimilt að veita lán ef umsækjandi er með lán frá Reykjavíkurborg fyrir.

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru í borgarráði 21. september 2017, að fengnum tillögum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, og taka gildi við birtingu.

*Reykjavík, 26. september 2017.*

**Dagur B. Eggertsson** borgarstjóri.